



HAFNARFJÖRÐUR

*Persónuvernd
Rauðarárstíg 10
105 Reykjavík
b.t. Helga Sigriður Þórhallsdóttir/
Bjarni Freyr Rúnarsson.*

Hafnarfjörður, 18. desember 2019

Efni: Vegna tilkynningar Persónuverndar um frumkvæðisathugun í tilefni af rafrænu eftirliti við grunn- og leikskóla.

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur mótttekið þann 9. desember sl. erindi Persónuverndar sem dagsett er þann 4. desember 2019. Erindið lítur að frumkvæðisathugun varðandi rafrænt eftirlit við grunnskóla og leikskóla í Hafnarfjarðarkaupstað (hér eftir HFJ). Persónuvernd vísar þar sérstaklega til umfjöllunar í fjölmiðlum um eftirlitsmyndavélar nú fyrir skömmu síðan.


Réttilega kom fram í tilvitnaðri frétt að vinna vegna uppsetningar eftirlitsmyndavéla hefur átt sér stað í grunnskólum bæjarins en um er að ræða átta grunnskóla. Hins vegar hefur ekki verið tekin formleg ákvörðun um að hefja skipulega uppsetningu öryggismyndavéla við leikskóla á nýju ári. Framangreint hefur verið til umræðu og snúa umræðurnar m.a. að því hvort vöktunin eigi sér stað utanhúss utan vistunartíma leikskólabarna í eignavörsluskyni. Þess skal þó getið að stefnt er á að setja upp eftirlit utanhúss utan vistunartíma við einn leikskólann sökum skemmda og slæmrar umgengni þegar leikskólanum er lokað. Óskað er hér með álits Persónuverndar á slíkri vöktun leikskólabygginga og þá sérstaklega með hliðsjón af *MÁP* og fræðsluskyldu ábyrgðaraðila. Að þeim sökum eru neðangreindir svarliðir nr. 1-8 með áherslu á vöktun í grunnskólum.

Þess skal hér einnig getið að HFJ fer með ákvörðunarvald um vöktunina og framkvæmd hennar og lítur svo á að sveitarfélagið sé ábyrgðaraðili hennar.

Svör eru sett upp samkvæmt fyrirspurnarliðum Persónuverndar í frumkvæðis erindi sínu.

1. Mat á áhrifum á persónuvernd (*MÁP*) hefur verið framkvæmt vegna vöktunarinnar við grunnskóla sveitafélagsins (sjá meðfylgjandi). Grunnur að slíkri vinnu hófst eftir útgáfu lista af hálfu Persónuverndar um vinnslur þar sem krafist er *MÁP*. Ekki hefur verið framkvæmd *MÁP* greining á vöktun við leikskóla, sbr. umfjöllun hér að framan.
2. Hvað varðar staðsetningu myndavéla: Myndavélar eru/verða staðsettar utandyra í grunnskólum. Um er að ræða vöktun á grunnskólalóð og skólabyggingu að lóðarmörkum.

Myndavélar innandyra snúa aðeins að fáum grunnskólum sveitafélagsins. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að hefja framkvæmd við að setja vélar innanhús í aðra grunnskóla en sú krafa kann þó að koma frá skólasamfélaginu í komandi framtíð.



HAFNARFJÖRÐUR

Hvað varðar vélar innanhús í núverandi framkvæmd þá skal vöktun þeirra beinast að svæði við útgang/inngang og þá eftir atvikum að þeim verðmætum sem þar er að finna s.s. föt og skór. Auk almannarýmis ef sérstök ástæða er til með hliðsjón af öryggi og að tryggja verðmæti.

Frekari vöktun innanhús í grunnskólum sem kæmi mögulega til framkvæmdar síðar myndi taka mið af framagreindu, þ.e.a.s. beinast að svæði við útgang/inngang og þá eftir atvikum jafnframt að þeim verðmætum sem þar er að finna. HFJ mun að sjálfsögðu taka framangreint til endurskoðunar ef Persónuvernd gerir sérstakar athugasemdir við verklagið.

3. Hér greind vöktun byggir á öryggis og eignavörslu tilgangi. Hvað varðar eignavörslu þá lítur hún að verðmætum nemenda, sveitarfélagsins og starfsmanna. Öryggistilgangur lítur einkum að nemendum en einnig starfsfólki og utanaðkomandi aðilum. Ber hér sérstaklega á að líta að grunnskólum ber lögmæt skylda að gæta öryggi barna og er rafrænt öryggiseftirlit einn liður í að tryggja slíkt öryggi. Með hliðsjón af framangreindu og eðli þeirrar starfsemi sem fram fer í skólum sem skólabörn sækja er talin sérstök þörf á vöktuninni.

Í tengslum við þennan lið skal þess einnig getið að merkingar um vöktunina eru almennt settar upp með áberandi og aðgengilegum hætti hvort sem um er að ræða límmiða eða skylti. Merkingar eru myndrænar og í formi texta. Þannig að sá einstaklingur sem fer um skólalóðina má gera sér grein fyrir því að þar fer fram rafræn vöktun eftirlitsmyndavéla.

4. Heimild til vöktunar byggir á 6. tl. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Jafnframt sem vöktunina er talin styðjast við 3. tl. 9. gr. sömu laga
5. Hvað varðar sérstaklega 1-3. tl. 8. gr. laga nr. 90/2018: Tryggt er að efni sé aðeins safnað í öryggis- og eignavörslutilgangi í þágu öryggis barna og verðmæta skólans og skólabarna. Staðsetning og stilling véla er þannig framsett að þær safni ekki efni eða vakti svæði umfram framangreindan tilgang. Efni er ekki varðveitt lengur en lög og reglur greina (90 dagar).

Vöktunin er jafnframt tilkomin vegna lagaskyldu skólans að tryggja öryggi skólabarna og tryggja verðmæti og eigur skólans og skólabarna. Vélarnar eru settar upp með áberandi hætti og merkingar sýnilegar um hina rafrænu vöktun. Jafnframt er sérstakri tilkynningu beint til hinna vöktuðu, sjá nánar í lið nr. 6 hér að neðan.

Hvað varðar sérstaklega 6. tl. 8. gr. laga nr. 90/2018: Þá eru viðhafðar aðgangsstýringar með þeim upplýsingum sem safnast og reglur verið settar um meðferð og söfnun efnisins, sjá einnig nánar í neðangreindum lið nr. 6.

6. Fræðsluskyldu er framkvæmd með viðeigandi merkingum á hinum vöktuðu svæðum. Merkingar eru og skulu vera þannig að einstaklingur sem fer um hið vaktaða svæði skal vera upplýstur með áberandi hætti um að þar fari fram rafræn vöktun.

Settar hafa verið reglur um rafræna vöktun Hafnarfjarðarkaupstaðar sem skólarnir starfa eftir og eru þær aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins (sjá meðfylgjandi). Reglurnar munu einnig verða aðgengilegar á heimasíðum allra grunnskólanna.

Þegar liggja fyrir drög að tilkynningu um rafræna vöktun sem skólastjórnendur hyggjast senda á forráðamenn og starfsfólk viðkomandi skóla og nemendur geta kynnt sér allt eftir aldri og þroska. Um er að ræða tilkynningu sem vísar til reglna Hafnarfjarðarkaupstaðar um rafræna vöktun þannig að viðkomandi einstaklingar geti kynnt sér þær og notið fræðslu um hina rafrænu vöktun og réttindi þeirra, s.s. tilgangur





HAFNARFJÖRÐUR

hennar, samskiptaupplýsingar vegna andmæla, aðgangsheimildir, varðveislutími o.s.frv.

7. Samráð hefur verið haft við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins við framkvæmd *MÁP*, sbr. 2. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.
8. Skólastjórnendur grunnskóla hafa verið í samræðu við skólasamfélagið (starfsfólk, nemendur og foreldrar) í hverjum skóla, t.d. í skólaráði, á starfsmanna- og foreldrafundum og jafnvel á lýðræðisþingum nemenda, þar sem öryggismál skóla og þörf á myndavélum á skólasvæðinu vegna innbrota og eignavörslu á eigum nemenda og/eða bæjarins hafa verið til umræðu.

Þessi sjónarmið hafa verið til frekari skoðunar á reglulegum samráðsfundum skólastjóra með skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar þar sem skólastjórnendur telja að skólasamfélagið styðji slíka öryggisvörslu með lögbundnum skilyrðum og hafa talið að slíkt myndi auki öryggi í skólasterfinu.

Virðingarfyllt,
f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar



Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri.